

Minnisblað vegna banns við að senda út viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva á UHF tíðni með DVB-T staðli.

Í b lið 4. mgr. 6. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 er svohljóðandi ákvæði (undistr. mín):

b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva skal einvörðungu heimilað um bráð og/eða þráðlaust um örbylgju.

Í grein 3.2. í útboðslýsingu frá Póst og fjarskiptastofnun vegna UHF tíðna með DVB-T staðli síðan í apríl 2005 var svohljóðandi ákvæði:

Rásirnar skulu notaðar til stafrænna útsendinga samkvæmt DVB-T staðli, á sjónvarpsdagskrám og þjónustu sem þeim tengist. Óheimilt er að nota rásirnar til þess að senda út viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva.

Samkvæmt útboðslýsingunni er reglan sett með heimild í 10. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Ekki er minnst á útvarpslögin, en augljóst er að skilyrðið á sér lagastoð.

Í fjölmiðlafrumvarpi menntamálaráðherra er gert ráð fyrir að b liður 6. gr. útvarpslaga verði svohljóðandi:

b. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar senditíðnum í samræmi við alþjóðasamþykktir til þeirra sem fengið hafa leyfi til útvarps, og skal þá kveðið á um tæknilega eiginleika í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Ekki þarf útvarpsleyfi til að endurvarpa viðstöðulaust, óstytt og óbreytt heildardagskrám erlendra sjónvarpsstöðva.

Verði það frumvarp að lögum er ljóst að þessi regla er fallin úr gildi. Fjölmiðlafrumvarpið er hins vegar það meingallað að ekki er hægt að mæla með því. Ég held hins vegar að tillaga að breyttum t lið, ein sér og sjálfstæð, standi vel fyrir sínu og við getum lagt til að útvarpslögum verði breytt á þann veg, sem þar kemur fram, óháð því hvort fjölmiðlafrumvarpið fái brautargengi.

Vertu í sambandi ef þú vilt fá þetta með öðrum hætti.